

GJALDSKRÁ

**vegna breytingar á deiliskipulagi og vegna grenndarkynningar
á byggingar- eða framkvæmdaleyfi hjá Kópavogsbæ.**

Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkt bæjarstjórnar Kópavogsbæjar frá 23. nóvember 2010 auglýsist hér með ákvörðun bæjarstjórnar um gjaldtöku vegna breytingar á deiliskipulagi og grenndarkynningar á byggingar- eða framkvæmdaleyfi. Er gjaldskráin tvískipt og nema gjöldin þeirri fjárhæð sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við skipulagsvinnu, kynningar og umsýslu.

A. Kynningar og umsýsla:		
Deiliskipulagsbreyting skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga	kr.	85.000
Grenndarkynning skv. 44. gr. ofangreindra laga	kr.	30.000
B. Skipulagsvinna, kynningar og umsýsla:		
Deiliskipulagsbreyting skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga	kr.	160.000
Grenndarkynning skv. 44. gr. ofangreindra laga	kr.	70.000

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

F.h. Kópavogsbæjar, 29. desember 2010,

Birgir Hlynur Sigurðsson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2010